

REGLUGERÐ

um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á vinnuskipum sjókvíaeldisstöðva.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um áhafnir vinnuskipa sjókvíaeldisstöðva, eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar þessarar. Um önnur skip sem þjónusta sjókvíaeldisstöðvar fer skv. reglugerð nr. 175/2008, um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

2. gr.

Vinnuskip sjókvíaeldisstöðva.

Vinnuskip sjókvíaeldisstöðva eru skip sem eru 15 metrar og styttri að skráningarlengd eða undir 30 brúttórúmllestum að stærð, með vélarafli allt að 750 kW, sem eingöngu eru notuð til þess að þjónusta sjókvíaeldisstöðvar staðsettar innan fjarðar og flóa og með farsvið skv. 3. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Farsvið vinnuskipa sjókvíaeldisstöðva.

Farsvið vinnuskipa sjókvíaeldisstöðva takmarkast við tvær sjómíllur frá landi innan fjarða og flóa. Þegar vinnuskip sjókvíaeldisstöðva sinna verkefnum fjær landi en sem nemur tveimur sjómílum og þegar þau eru í förum á milli fjarða skulu skipin mönnuð samkvæmt reglugerð nr. 175/2008.

4. gr.

Skipstjóri vinnuskips sjókvíaeldisstöðva.

Hver sá sem gegnir stöðu skipstjóra eða stýrimanns á vinnuskipi sjókvíaeldisstöðva skal að lágmarki:

- a. hafa lokið smáskipanámi skv. reglugerð nr. 175/2008, með síðari breytingum,
- b. hafa tólf mánaða staðfestan siglingatíma í stöðu skipstjóra eða stýrimanns.

5. gr.

Vélstjóri vinnuskips sjókvíaeldisstöðva.

Hver sá sem annast vélstjórn á vinnuskipi sjókvíaeldisstöðva skal að lágmarki hafa lokið vélgæslunámi samkvæmt reglugerð nr. 175/2008.

6. gr.

Stjórnarsýsla.

Sækja skal um heimild til Samgöngustofu til að fá að manna skip í samræmi við reglugerð þessa. Nú uppfyllir skip skilyrði þess að teljast vinnuskip sjókvíaeldisstöðva í samræmi við reglugerð þessa og skal Samgöngustofa skrá upplýsingar þess efnis í lögskráningarkerfi.

7. gr.

Refsiákvæði.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir 20. gr. laga nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, með síðari breytingum.

8. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.